Byggðasafn Árnesinga

Ársskýrsla 2019

Efnisyfirlit	2
Formáli	3
Opnunartími og gestafjöldi 2019	3
Starfsfólk	4
Húsakynni	5
Viðgerðir og viðhald	5
Skráningarkerfi, aðföng og gefendur	7
Aðstaða til varðveislu	8
Búðarstígur 22 keyptur fyrir safnið	8
Rannsóknir og miðlun þeirra	10
Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2019	11
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	19
Kirkjubær	20
Rjómabúið á Baugsstöðum	20
Samstarf	21
Fundir, námskeið og ráðstefnur	22
Kynningar- og markaðsmál	22
Héraðsnefnd og stjórn	23
Um rekstur og fjárhag safnsins 2019	24

www.byggdasafn.is

Ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af starfsmönnum safnsins nema annað sé tekið fram.

Forsíðumyndin er ljósmynd Sigurðar Jónssonar af Búðarstíg 22 sem tekin var 1986. Byggingin var keypt fyrir Byggðasafn Árnesinga í apríl 2019 og mun hýsa alla innri starfsemi safnsins í framtíðinni.

Formáli

Starfsemi Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka var með hefðbundnum hætti árið 2019. Við söfnin var unnið að verkefnum samkvæmt stofnskrám og öðrum samþykktum. Unnið var að söfnun, skráningu, varðveislu og miðlun. Söfnin voru opin á auglýstum tímum og eftir samkomulagi allt árið.

Hjá safninu fer fram öflugt innra starf. Við safnið fer fram stöðug söfnun á munum með varðveislugildi. Er það í samræmi við hlutverk safnsins samkvæmt stofnskrá en þar segir: „Hlutverk Byggðasafns Árnesinga er að safna, skrá, varðveita, forverja og rannsaka minjar um byggða-, menningar- og atvinnusögu Árnessýslu og kynna þær almenningi.“ Safnað er eftir söfnunarstefnu. Skráð er í gagnagrunninn Sarp sem sýnilegur er á www.sarpur.is. Við safnið fer jafnframt fram forvarsla, rannsóknir, ráðgjöf, upplýsingagjöf, umsýsla í geymslum, undirbúningur og gerð sýninga, frágangur sýninga og útlán. Safnið miðlaði á sýningar á Suðurlandi og finna má gripi frá safninu á ýmsum stöðum á sýningum á vegum sveitarfélaga, samtaka og einstaklinga.

Fimm sýningar voru settar upp á árinu í borðstofu Hússins á Eyrarbakka, auk sýninga í útihúsum. Söfnin á Eyrarbakka voru þátttakendur í bæja- og menningarhátíðum. Beitningaskúrinn var opinn eftir þörfum. Í borðstofu voru settar upp sýningarnar *Litla-Hraun sögusýning, Rófubóndinn og Bækur og bakkelsi.* Þessum sýningum var fylgt eftir með viðburðum. Sýning var jafnframt um páskana í útihúsunum og jólasýning sett upp í desember. Á þorra var boðið upp á leikskólasýningu um vinnslu mjólkur. Kirkjubær var opinn um leið og Húsið. Beitningaskúrinn var opnaður eftir eftirspurn.

Á vettvangi stjórnar safnsins var starfsemi safnsins til umræðu og voru húsnæðismálin fyrirferðarmikil auk þess sem sérstök bygginganefnd vegna framkvæmda var sett á fót. Á árinu var Húsið tjargað og Assistentahúsið málað. Gluggar voru lagfærðir.

Kaup safnsins á hinu svonefnda Alpan-húsi, Búðarstíg 22, á Eyrarbakka var stærsta verkefni ársins. Jafnframt hófust viðgerðir á því til að aðlaga það að þörfum safnsins. Hluti hússins var tilbúinn til notkunar fyrir safnið í árslok og gerður var leigusamningur við Þjóðminjasafn Íslands um leigu á 400 fm sal.

Opnunartími og gestafjöldi 2019

Opið var á söfnunum á Eyrarbakka alla daga frá 1. maí til 30. september kl. 11-18. Einnig var safnið opið um páskana, á Vori í Árborg og þrjár helgar í desember. Jafnframt var opnað fyrir skólum og hópum á öðrum tímum. Almennur aðgangseyrir var kr. 1000.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2019 varð 5.580, þar af 1.370 erlendir og 445 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2018 varð 5.690, þar af 2.055 erlendir og 380 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2017 varð 5.300, þar af 1.930 erlendir og 265 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2016 varð 5.220, þar af 1.767 erlendir og 316 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2015 varð 4.904, þar af 1.824 erlendir og 138 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2014 varð 4.381, þar af 1.680 erlendir og u.þ.b. 100 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2013 varð 4.693, þar af 1.636 erlendir og uþb. 130 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2012 varð 4.297, þar af 1.057 erlendir og uþb. 100 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2011 varð 3.721, þar af 651 erlendir og 360 í skólahópum.

Mælitæki við skráningu gesta er nákvæm og áreiðanleg talning starfsmanna. Mælingar sýna að um 80% af gestum Hússins koma jafnframt í Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Erlendum gestum fækkaði um 33% milli ára en fjölda gesta í skólaheimsóknum fjölgaði um 17%. Góð aðsókn Íslendinga var á viðburði og sýningar.

Ýmsar leiðir eru farnar til að vekja athygli á safninu, það auglýsir víða og er þátttakandi i samfélagsmiðlum. Safnvörður sótti Mannamót markaðsstofanna í janúar og var safnið þar með kynningarbás.

Í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka skrifuðu 134 í gestabók. Margir komu sem ekki skrifuðu í gestabókina. Á árinu 2018 skrifuðu 138 sig í gestabók. Á árinu 2017 skrifuðu 106 sig í gestabók. Á árinu 2016 skrifaði 141 sig í gestabókina, 2015 skrifuðu 171 í gestabókina. Árið 2014 skrifuðu 190 gestir í gestabók. Árið 2013 skrifuðu 154 nafn sitt í gestabókina og 2012 skrifuðu 103. Gestir koma í margvíslegum erindagjörðum.

Starfsfólk

Lýður Pálsson, sagnfræðingur BA, MA í hagnýtri menningarmiðlun, *safnstjóri* í 100% stöðu. Lýður hefur starfað við safnið frá árinu 1992. Starfsvið safnstjóra er víðtækt: Hann starfar eftir starfslýsingu safnstjóra, ber ábyrgð á rekstri safnsins og fjárreiðum, er talsmaður safnsins, skipuleggur starfsemina og ber ábyrgð á ráðningu annars starfsfólks. Hann sinnir skráningu, uppsetningu sýninga, viðburðastjórnun, leiðsögn fyrir hópa og grípur í gæslustörf þegar þörf er á. Ber einnig ábyrgð á að viðhaldi húsakynna sé sinnt og sinnir málefnum Rjómabúsins á Baugsstöðum.

Linda Ásdísardóttir íslenskufræðingur BA og MA í safnafræði, *safnvörður* í 100% stöðu frá 2008. Hennar verkefni fólust fyrst og fremst í skráningu og margvíslegri umsýslu safnmuna, uppsetningu sýninga, viðburðastjórnun, sömuleiðis leiðsögn og gæslu. Linda hætti störfum í septemberlok og réði sig á ljósmyndasafn Þjóðminjasafns Íslands. Henni eru þökkuð vel unnin störf í þágu Byggðasafns Árnesinga.

Ásgerður Júníusdóttir listamaður vann yfir sumarið við gæslu.

Douglas Máni Bichard framhaldsskólanemi vann yfir sumarið við gæslu.

Svanlaug Arnardóttir framhaldsskólanemi vann yfir sumarið við gæslu.

Andri Erlingsson sá um að halda Rjómabúinu á Baugsstöðum opnu um helgar í júlí og ágúst og tók á móti hópum á öðrum tímum.

Þórey Eyþórsdóttir sat vaktir í Húsinu og Sjóminjasafninu yfir sumarið. Í október, nóvember og desember skannaði hún fyrir safnið gamlar ljósmyndir fyrir Sarp.

Friðjón Elli Hafliðason þjóðfræðinemi vann við gæslu í Húsinu og Sjóminjasafninu yfir sumarið.

Hjónin Ásmundur Þórir Ólafsson og Súsanna Torfadóttir sáu um umhirðu Kirkjubæjargarðs og voru ræstitæknar safnsins framan af árinu.

Jónína Eirný Sigurðardóttir var ræstitæknir safnanna frá og með maíbyrjun.

Guðjón Guðmundsson rafvirki er einnig á launaskrá vegna öryggismála.

Við starfslok Lindu Ásdísardóttur safnvarðar var ákveðið að auglýsa stöðu hennar lausa til umsóknar. Var það gert í nóvember með umsóknarfresti til 1. desember. Það bárust 25 umsóknir. Við tók tímafrekt ferli við að flokka umsóknir og velja þá hæfustu í viðtal og sá safnstjóri um það með aðstoð stjórnar. Niðurstaðan varð ljós 18. desember. Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir íslenskufræðingur og safnafræðinemi var ráðin í starf safnvarðar frá og með marsbyrjun 2020.

Húsakynni

Ellefu hús tengjast starfsemi Byggðasafns Árnesinga að hluta eða öllu leyti.

Þjónustuhús með skrifstofu og aðalgeymslum safnanna er að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka.

Þjónustuhús Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Þar eru aðalgeymslur safnsins og skrifstofa. Húsið var selt á árinu en safnið mun nýta það þangað til ný aðstaða verður tilbúin í Búðarstíg 22.

Húsið og Assistentahúsið hýsa grunnsýningu Byggðasafns Árnesinga. Þar eru einnig Eggjaskúrinn og útihúsin.

Kirkjubær, lítið timburhús vestan Hússins á Eyrarbakka, var keypt af safninu 2011, gert upp og opnað til sýningar 2016.

Þann 24. apríl 2019 fjárfesti Byggðasafn Árnesinga í Búðarstíg 22 sem er 1704 fm að stærð. Hafnarbrú 3 var látin upp í kaupin.

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka samkvæmt þjónustusamningi en viðhald húseigna Sjóminjasafnsins er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar. Hús Sjóminjasafnsins eru sýningahús að Túngötu 59, Mundakotsskemma við Þykkvuflöt 2 sem er geymsla og Beitningaskúrinn við Óðinshús.

Umsjón muna Þuríðarbúðar á Stokkseyri heyrir undir Byggðasafn Árnesinga en viðhald og umhirða lóðar er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar.

Byggðasafn Árnesinga er 33% aðili að rekstri Rjómabúsins á Baugsstöðum.

Viðgerðir og viðhald

Viðgerðir og viðhald húsakynna safnsins voru margvíslegar á árinu. Húsið var tjargað hátt og lágt um sumarið. Einnig var Assistentahúsið málað í sínum milda græna lit. Gert var við glugga í Húsinu og Assistentahúsinu að innan og var það vandasamt verk, tímafrekt og dýrt. Litalausnir ehf undir stjórn Þorkels Inga Þorkelssonar málarameistara sáu um málningarframkvæmdir.

Í Húsinu var upphitunarkerfi þess endurnýjað og skipt um hitastjórnkerfi, hitanema og hitaloka. Sáu Árvirkinn og Lagnaþjónustan um það verk.

Að frumkvæði Héraðsnefndar Árnesinga var ráðist í úttekir á öryggiskerfum stofnana hennar. Fyrirtækið Lota ehf hafði umsjón með úttektinni. Hjá Byggðasafni Árnesinga var fjarvarslan boðin út, skipt um upphringjara og fengið öryggiskerfi í Kirkjubæ og Búðarstíg 22. Jafnframt var samþykkt að endurnýja að stórum hluta bruna- og öryggiskerfi Hússins sem er frá árinu 1995 og því komið til ára sinna. Það verður unnið snemma árs 2020 og jafnframt bætt við eftirlitsmyndavélum. Árvirkinn og Öryggismiðstöðin buðu hagstæðast í allar verklegar framkvæmdir, efni og vaktþjónustu þessu tengt.

Ljósmynd frá 4. áratug síðustu aldar af útihúsunum. Þau eru gerð upp í þessa mynd um þessar mundir.

Árið 2012 hófst Þjóðminjasafn Íslands handa um viðgerðir á útihúsunum fyrir norðan Húsið. Útihúsin voru byggð á tímabilinu 1910 til 1919, fjósið og fjárhúsið voru byggð á tímum dönsku kaupmannanna en hjallurinn er frá tímum Kaupfélagsins Heklu sem átti Húsið frá 1919 til 1925. Fjósið var byggt í gömlum herragarðsstíl og hið elsta á landinu með steyptum flórum. Menningarsögulegt gildi þess er því ótvírætt. Á árinu 2014 var Hjallurinn gerður upp. Árið 2015 var miðhúsið eða fjárhúsið gert upp. Á árinu 2016 var unnið að viðgerðum á fjósinu sem er austast útihúsanna. Skipt var um þakefni og austurveggur endursteyptur í sömu stærð og áður var. Á árinu 2017 var gengið frá bárujárni á göflum og steinsteyptir veggir að utan og innan pússaðir. Settar voru upp nýjar útidyrahurðir á fjósið. Fjósið

var hvítkalkað að innan en að öðru leyti lágu framkvæmdir niðri árin 2018 og 2019 en stefnt að áframhaldandi viðgerðum 2020. Gert er ráð fyrir að Byggðasafn Árnesinga verði með viðeigandi safnmuni þar til sýnis í framtíðinni.

Skráningarkerfi, aðföng og gefendur

Við Byggðasafn Árnesinga fer fram virk söfnun samkvæmt söfnunarstefnu sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti.

Allir safngripir og allar ljósmyndir Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka eru skráðir í Sarp sem er miðlægur gagnagrunnur rekinn af Rekstrarfélagi Sarps og flest minjasöfn landsins standa að. Allir með nettengda tölvu geta þannig skoðað aðfangaskrá Byggðasafns Árnesinga sem og annarra safna á landinu. Undanfarin ár hefur gríðarlegt starf farið í að endurbæta skráninguna og mynda gripi og ljósmyndir fyrir Sarp.

Ný aðföng eru skráð í sérstaka handskrifaða aðfangabók. Á grundvelli hennar eru gripir síðar skráðir í Sarp og þeir auðkenndir með safnmarki. Við þá skráningu eru helstu upplýsingar um gripinn tíundaðar, eins og útlit, saga, mál, efniviður, gerandi, gefandi, notandi og fleira sem skiptir máli varðandi sögu hans og útlit.

Tekið var við 24 afhendingum við söfnin á árinu 2019, nær eingöngu munir, en örfá skjöl og ljósmyndir. Óskum um viðtöku ljósmynda er vísað á Héraðsskjalasafn Árnesinga. Tekið er við gripum í samræmi við söfnunarstefnu safnsins.

Í árslok 2019 voru flest aðföng síðustu ára skráð. Óskráðir eru nokkrir munir frá Litlu-Háeyri á Eyrarbakka sem komu á safnið 2011 og aðföng alls ársins 2018 og síðar. Ljósmyndaskráin var yfirfarin að hluta á árinu og kom í ljós að margar myndir voru tví- ef ekki þrískráðar. Þannig var 249 tvískráningum eytt á árinu.

Spónn frá 1925. Aðfang frá 2017 sem skráð var 2019. Frá Tungu í Gaulverjabæjarhreppi úr búi Guðmundar Oddssonar og Elínar Kristgeirsdóttur sem buggu þar 1945-1954. Gripurinn hefur safnmarkið 2017-9-3.

Fjöldi færslna í Sarpi hjá Byggðasafni Árnesinga var sem hér segir í árslok 2019: Fjöldi ljósmynda voru 6.280 og engar nýskráðar á árinu, fjöldi fornleifa voru 915, fjöldi minjasvæða/jarða voru 81, engar nýskráningar á árinu. Fjöldi muna voru 7.177, fjöldi nýskráðra muna árið 2019 voru 63. Í Sarpi eru jafnframt skráðar 138 bækur, ein teikning, 23 listaverk, 69 skjöl sem tengjast öðrum safnkosti og ein spurningaskrá. Í þessum tölum eru innifaldir munir og ljósmyndir Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og Tónminjaseturs Íslands.

Unnið er öðru hverju við að setja ljósmyndir af munum og gömlum ljósmyndum í Sarp svo að safnkostur verði sýnilegur á netinu. Staðan í árslok 2019 var sú að 1.425 ljósmyndir voru sýnilegar í

Sarpi og 2.789 safnmunir. Fleiri munir og myndir verða sýnilegar á næstu árum eftir því sem tími og fjármagn leyfir.

Meðal muna sem bárust á árinu 2019 voru munir úr Vesturbúðinni á Eyrarbakka, dúkar frá Berghyl í Hrunamannahreppi, tóbaksdósir úr silfri frá Bjarna M. Jónssyni og tónsproti frá Jóni Jónssyni frá Loftsstöðum. Einnig bárust stimplar við fatagerð frá Litlu-Háeyri, uppstoppaðir fuglar úr íslenskri náttúru sem komið var á sýningu í Eggjaskúrnum, matarfat og teketill frá Þorvaldseyri á Eyrarbakka, póstkorta-albúm frá Herdísarvík og málverk af Haugi í Gaulverjabæjarhreppi eftir Gunnar S. Gestsson.

Gefendur 2019 voru afkomendur Eiríks Guðmundssonar í Hátúni á Eyrarbakka, Jóhanna S. Hannesdóttir, Jóhann Jóhannsson, Hafþór Ragnar Þórhallsson, Sólborg Guðmundsdóttir, Ásdís Pálsdóttir, Þorvaldur H. Gunnarsson, Jón Áskell Jónsson, Fanný Gunnarsdóttir, Erna Marlen, Gísli Krisjánsson, Guðrún Thorarensen, Sigríður Sverrisdóttir, Jón Ólafur Karlsson, Arnleif Margrét Kristinsdóttir, Örn Gunnlaugsson, Guðmundur Lýðsson, Jóhann Þórarinsson, Vigfús Markússon, Kristín Guðjónsdóttir, Ester Steindórsdóttir og Agnar Pétursson.

Aðstaða til varðveislu

Safnmunir eru varðveittir í öllum byggingum Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Varðveisluskilyrði eru misjöfn. Í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga er góð aðstaða til varðveislu safnmuna. Mundakotsskemma er ófullnægjandi geymsla. Í þjónustuhúsinu, Eggjaskúrnum og Sjóminjasafninu eru öryggiskerfi beintengd vaktþjónustu og til viðbótar vatnsúðunarkerfi í Húsinu og Assistentahúsinu.

Eins og áður segir hefur frá árinu 2012 verið unnið að fyrirbyggjandi forvörslu í húsakynnum safnsins. Gengið hefur verið frá safnmunum í öskjum og sýrufrír pappír hafður utan um. Allt er það gert til að tryggja varðveislu til framtíðar. Safnið hefur notið styrkja frá Safnasjóði til verksins.

Síðla ársins 2016 skilaði Byggðasafn Árnesinga gátlista Safnaráðs um varðveisluaðstæður á sýningum og geymslum Byggðasafns Árnesinga. Skilað var fjórum gátlistum, fyrir Hafnarbrú 3, Mundakotsskemmu, Húsið og Sjóminjasafnið. Matsskýrsla Safnaráðs á ástandi sýninga og geymslna Byggðasafns Árnesinga barst í mars 2017. Um er að ræða viðamikla úttekt sem sýnir að staða mála er í mörgum atriðum ágæt en þó er úrbóta þörf sums staðar. Farið var strax í að bregðast við skýrslunni og hefja úrbætur þar sem kostnaður var lítill. Fimm ára frestur var gefinn til að leysa úr málum Mundakotsskemmu sem dæmd var ófullnægjandi að öllu leyti. Tekið var til hendinni á árinu 2019 og er ljóst í árslok 2019 að safnmunageymslan í Mundakotsskemmu verður tæmd snemma árs 2020.

Húsnæðismál – Búðarstígur 22 keyptur fyrir safnið

Húsnæðismál og aðbúnaður safnmuna hefur verið í deiglunni hjá Byggðasafni Árnesinga undanfarin ár. Í kjölfar skýrslu Safnaráðs frá mars 2017, þar sem gerð var athugasemd við Mundakotsskemmu og þröngan aðbúnað safnmuna í Hafnarbrú 3 og í ljósi þess að Sveitarfélagið Ölfus hefur beðið Byggðasafn Árnesinga að taka við gripum byggðasafns síns hefur verið reynt að finna fullnægjandi lausnir á varðveislumálum safnsins. Í upphafi árs 2019 var unnið að ástandslýsingu á Búðarstíg 22 sem hugmyndir voru um að kaupa fyrir Byggðasafn Árnesinga og Héraðsskjalasafn Árnesinga. Verkfræðistofan Efla sá um úttektina. Úttekt Eflu var tilbúinn í byrjun ársins 2019. Boðað var til

héraðsnefndarfundar í Húsinu á Eyrarbakka 11. febrúar 2019 og var þar samþykkt að selja Hafnarbrú 3 og kaupa Búðarstíg 22 fyrir Byggðasafn Árnesinga. Jafnframt var samþykkt að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga með ábyrgð aðildarsveitarfélaga Héraðsnefndar Árnesinga að upphæð 100 milljónir króna til kaupanna og að gera austasta hluta hússins, skemmuna, tilbúna til notkunar. Safnstjóri sá um viðræður við Þjóðminjasafn Íslands um að þjóðminjasafnið leigði helming skemmunnar fyrir tækniminjar sínar til langs tíma. Þann 22. apríl 2019 var skrifað undir samninga við Alpan ehf um kaup þeirra á Hafnarbrú 3, sem safnið mun þó nýta fyrst um sinn, og sölu þeirra á Búðarstíg 22 eða Alpan-húsinu svonefnda.

Alpan-húsið. Ljósmynd frá fasteignasölunni Helgafell.

Bygginganefnd skipuð stjórn safnsins og formanni Héraðsnefndar Árnesinga tók til starfa og á fyrsta fundi hennar var ákveðið að fá GJ tæki og fasteignir til að stýra framkvæmdum. Lýður Pálsson safnstjóri gerði rýmisáætlun fyrir allt húsið sem nýttist við hönnun hússins með tilliti til framtíðarnotkunar. Samúel Smári Hreggviðsson byggingatæknifræðingur hjá Húsey ehf er hönnuður framkvæmda. Grímur Jónsson byggingaameistari og eigandi og framkvæmdastjóri GJ tæki og fasteignir ehf, stýrði framkvæmdum. Menn hans unnu allt tréverk en aðrir verktakar voru Raflagnaþjónusta Selfoss, Tröllalagnir, Árvirkinn og Hurðalausnir.

Byrjað var á því að gera skilin milli miðhluta og skemmunnar þétt. Sett var upp ný skotrenna og pappi þar ofan á. Skipt var um þakkanta á þakbrún skemmunnar. Skipt var um glugga á norður- og suðurhlið, skorið var úr vegg fyrir inngönguhurð og iðnaðarhurð á austurhlið skemmunnar fyrir nyrðri hluta hennar. Skorið var úr vegg við hlið iðnaðarhurðar á suðurhlið. Keyptar voru tvær nýjar iðnaðarhurðir og inngöngudyr. Settur var upp nýr veggur úr gifsi milli skemmu og miðrýmis, nýr brunaheldur veggur var settur upp sem skiptir skemmunni allri í tvo jafnstóra hluta. Veggir voru málaðir og á gólf sett eproxin-málning sem er mjög slitsterk. Að húsinu var grafið fyrir nýrri vatnslögn og innandyra voru settir upp fjórir hitablásarar fyrir skemmuna. Sett voru LED-ljós í loft og bruna- og innbrotsvarnakerfi. Ný rafmagnstafla var sett upp fyrir allt húsið.

Ný skotrenna á miðbyggingu Búðarstígs 22.

Í september var skrifað undir leigusamning til 10 ára við Þjóðminjasafn Íslands og leigir safnið nyrðri hluta skemmunnar undir tækniminjar. Í nóvemberbyrjun var viðgerðum á nyrðri hluta skemmunnar lokið og um miðjan nóvember fór þjóðminjasafnið að flytja þangað muni sem undanfarna áratugi hafa verið varðveittir í Vesturvör 14 í Kópavogi.

Lokið var viðgerðum og uppgerð syðri hluta skemmunnar í desember og í árslok var ráðgert að flytja í hana muni Mundakotsskemmu snemma árs 2020.

Saga Búðarstígs 22. Byggingin að Búðarstíg 22 er vestarlega á Eyrarbakka, nálægt höfninni og við aðalgötuna á Eyrarbakka. Elstu hlutar byggingarinnar, skrifstofuhlutinn og gamla fiskvinnslan, eru frá 1970. Húsið byggði útgerð Þorláks helga ÁR 11 til að vinna aflann úr skipinu. Þorlákur helgi hf. var í eigu Sverris Bjarnfinnssonar og Vigfúsar Jónssonar fyrrv. oddvita. Árið 1973 seldu þeir fyrirtækið sem hlaut þá nafnið Einarshöfn hf. Þá var vinnslusalur stækkaður í norðvestur árið 1973 og árið 1981 var byggð stór steinsteypt skemma austan við vinnslusalinn. Starfsemi Einarshafnar hætti í kjölfar þess að hlutafélagið Alpan var stofnað í mars árið 1984. Lagðist þá fiskvinnslan niður og í staðinn kom álpönnuframleiðsla. Framleiðslan hófst sumarið 1985 og stóð í rúma tvo áratugi. Framleiðsla Alpan voru álpönnur steyptar úr fljótandi áli og húðaðar. Starfsemin hófst með þeim hætti að keypt var álpönnuverksmiðja í Danmörku og tæki þess flutt í Búðarstíg 22 í nokkrum skrefum. Mikill uppgangur var á fyrirtækinu á 9. áratugnum og var það stærsti aðilinn á Íslandi sem fullvann ál. Um 40 manns unnu hjá Alpan árið 1989. Það ár seldi fyrirtækið 300 þúsund álpönnur og fór framleiðslan á markaði á Íslandi, í Bandaríkjunum og Evrópu. Árið 2005 störfuðu 25 manns hjá Alpan og er þess getið í frétt að íslenska kokkalandsliðið noti eingöngu pönnur og potta frá fyrirtækinu. Framleiðslan það ár var 140 þúsund stk. Síðan fór að fjara undan starfseminni og á tímum óhagstæðs gengis krónunnar reyndist erfitt að standast samkeppni um verð. Margir starfsmanna voru erlendir á síðustu starfsárum verksmiðjunnar sem að lokum var flutt til láglaunalandsins Rúmeníu. Alpan á Eyrarbakka hætti starfsemi um mitt ár 2006. Eftir að álpönnuverksmiðja Alpan fór frá Eyrarbakka keypti Fasteignafélagið Eyrarbakki húsakynnin og lét gera að húsbíla- og tjaldvagnageymslu. Einhver eigendaskipti voru á húsinu næstu árin og voru þar um skeið stundaðar sperrusmíðar fyrir húsbyggingar. Síðast eignaðist félagið Alpan ehf húsið og það gegndi aftur hlutverki húsbíla- og tjaldvagnageymslu til vorsins 2019 að Byggðasafn Árnesinga keypti það. Félag eldri borgara á Eyrarbakka er með aðstöðu í matsalnum einu sinni í viku og HS-veitur eru með spennistöð fyrir vestasta hluta þorpsins í húsinu.

Rannsóknir og miðlun rannsókna

Hluti af starfseminni er öflun viðbótarupplýsinga um safngripi og ljósmyndir – og reyndar almennt um sögu og menningu alls héraðsins og úrvinnsla og vistun á þessum upplýsingum. Jafnframt hefur verið lögð mikil rækt við sögu Hússins á Eyrarbakka.

Rannsóknir á sögu Hússins á Eyrarbakka er hluti af rannsóknum Byggðasafns Árnesinga. Ritið Húsið á Eyrarbakka sem kom út í júní 2014 er afrakstur rannsókna Lýðs Pálssonar undanfarna tvo áratugi. Enn er að safnast í þann sarp.

Saga Kirkjubæjar hefur verið rannsökuð á árinu 2012. Afrakstur þess rannsóknarstarfs var í glæsilegum sýningartexta í Kirkjubæ þar sem fjallað var um sögu hússins og eigendur og íbúar listaðir upp.

Skráðir eru þjóðhættir og varðveitt gögn sem varpa ljósi á siði, venjur og lífshætti í Árnessýslu. Sumar þeirra, t.d. jarðskjálftasögur Sunnlendinga frá árinu 2008 hafa verið skráðar í Sarp. Verkefnið flokkast undir samtímasöfnun þar sem safnað var upplifun og reynslu fólks af sínum samtíma.

Rannsóknir fara fram í tengslum við flestar sýningar safnsins. Á árinu 2019 var saga Búðarstígs 22 rannsökuð og dregin saman í grein sem birtist í Dagskránni á Selfossi um sumarið.

Aðrar rannsóknir eru m.a. gerðar á sögu safnanna og einstaka sinnum af einskærum áhuga og af frumkvæði starfsmanna og má gjarnan finna afrakstur þessi í miðlunarefni safnsins hvort sem það er í sýningatextum eða mæltu máli til gesta. Miðlun til safngesta í sýningum, í ávarpi og á vefsíðunni www.byggdasafn.is er afrakstur rannsóknastarfs Byggðasafns Árnesinga. Starfsmenn safnsins taka á móti mörgum tugum hópa á hverju ári og miðla í hvert sinn fróðleik um Húsið og safnmunina til fróðleiksfúsra gesta. Sú miðlun væri ekki möguleg nema fyrir afrakstur rannsókna.

Safnstjóri tekur þátt í vinnuhópi um Verndarsvæði í byggð á Eyrarbakka sem stýrt er af landslagsarkitektum hjá Landform á Selfossi. Þekking starfsmanna Byggðasafns Árnesinga á búsetulandslagi og sögu Eyrarbakka er mikil. Enginn fundur var haldinn í vinnuhópnum á árinu.

Linda Ásdísardóttir fór til Grænlands um sumarið fyrir tilstyrk Símenntunarsjóðs Safnaráðs og bar saman Byggðasafn Árnesinga og ýmis byggðasöfn á vesturströnd Grænlands sem hafa sýningar sínar í gömlum sögufrægum húsum. Niðurstöður sínar og hugleiðingar birti Linda í Kvisti blaði sem Félag íslenskra safna og safnamanna gefur út og var einnig með fyrirlestur í Húsinu um ferðina í október.

Ótalin eru fræðastörf sem faglegir starfsmenn sinna í krafti menntunar sinnar. Lýður Pálsson hefur stundað leiðsagnir fyrir áhugasama hópa um Flóann og Linda Ásdísardóttir hefur skrifað fræðigreinar í sýningarskrár ljósmyndasýninga, ljósmyndabókagagnrýni í fjölmiðla.

Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2019

Miðlun á vegum Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka á sér stað í gegnum grunnsýningar safnanna í Húsinu á Eyrarbakka, Kirkjubæ, Beitningaskúrnum við Óðinshús og í sýningahúsi að Túngötu 59. Ákveðnu rými í báðum söfnunum er ætlað til sérsýninga og skal hér greint frá þeim og sömuleiðis helstu viðburðum sem í boði voru á söfnunum. Safngripir frá Byggðasafni Árnesinga eru á sýningum á 16 stöðum á Suðurlandi. Er það liður í miðlun safnsins.

Kyndilmessustund. Byggðasafn Árnesinga hélt upp á Kyndilmessu í Húsinu á Eyrarbakka laugardaginn 2. febrúar. Dagskráin var nokkuð óhefðbundin. Kristján Guðmundsson sálfræðingur hugleiddi efni skáldsögunnar Eitraða barnið eftir Guðmund S. Brynjólfsson. Af hverju fremur manneskja glæp? Er einhver leið að útskýra ofbeldi? Eitraða barnið gerist á Eyrarbakka um aldamótin 1900 og veitti Kristján gestum sálfræðilega innsýn í efni bókarinnar fyrir gesti. Að loknu erindi Kristjáns söng Hafsteinn Þórólfsson söngvari við undirleik Ásgeirs Ásgeirssonar gítarleikara nokkur lög. Gestir fylltu stofur Hússins. Óvæntur gestur á samkomunni var Guðmundur Brynjólfsson sjálfur höfundur glæpasögunnar svo úr varð hið skemmtilegasta stofuspjall.

Í upphafi dagskrár var í stuttu máli sagt frá kyndilmessunni. Kyndilmessa, hreinsunarhátíð Maríu meyjar, er 40 dögum eftir fæðingu Krists sem ber upp á 2. febrúar ár hvert. Þá er mikil ljósadýrð við kaþólska guðsþjónustu og dagurinn því kenndur við kerti eða kyndla og íslenska nafnið Kyndilmessa þaðan upprunnið segir í Sögu Daganna eftir Árna Björnsson. Í lok dagskrár var boðið upp á kaffi.

Þorrasýning. Á þorra var boðið upp á sýningu um þorrann fyrir elstu deildir leikskóla og yngstu bekki grunnskóla.

Ný sjúkrahúsbygging á Eyrarbakka áður en henni var fengið hlutverk fangelsis. Ljósmynd þessa varðveitir Sjóminjasafnið á Eyrarbakka. Hún er tekin af Aðalsteini Sigmundssyni skólastjóra þegar byggingin var nýbyggð.

Litla-Hraun – sögusýning. Í tilefni 90 ára afmælis Fangelsisins á Litla-Hrauni efndu fangelsið og Byggðasafn Árnesinga til sögusýningar í borðstofu Hússins á Eyrarbakka. Sýningin opnaði á afmælisdeginum föstudaginn 8. mars kl. 17 að viðstöddu fjölmenni. Á sýningunni var sögð saga fangelsisins. Þróun á starfsemi Litla Hrauns sem stofnunar var þar í forgrunni en auk þess var litið inní veröld fangavarða, fanga og samfélagsins í kring. Sýningin var byggð á ýmsum munum frá fangelsinu, ljósmyndum sem til eru og gagnorðum sýningartextum.

Frá sýningunni, búningur fangavarðar og fanga.

Vinnuhælið á Litla-Hrauni tók til starfa 8. mars 1929 í byggingu í útjaðri Eyrarbakka sem reist var sem sjúkrahús en hóf svo ekki starfsemi sökum fjárskorts. Á þessum tíma voru refsifangamálefni í miklum ólestri og sáu yfirvöld þarna tækifæri til að leysa úr þeim vanda með því að fá sjúkrahúsbyggingunni það hlutverk að hýsa refsifanga. Starfsemin hét Vinnuhælið á Litla-Hrauni og voru jarðirnar Stóra- og Litla-Hraun lagðar undir starfsemina og rekinn búskapur á vinnuhælinu til 1970. Síðar var starfseminni breytt úr vinnuhæli í afplánunarfangelsi og starfsemin fékk heitið Fangelsið Litla-Hraun. Stofnunin er stærsta fangelsi landsins og eru þar allt að 87 fangar og 57 stöðugildi. Tíu byggingar eru við fangelsið.

Sýningin var opin allar helgar í mars og apríl kl. 14-17. Auk þess var séropnun í kringum páska og opið á sama tíma alla virka daga frá 15. apríl. Sumaropnun safnsins hófst 1. maí og var sýningin opin til 10. júní. Sýningin var styrkt af Uppbyggingasjóði Suðurlands.

Að sýningunni unnu faglegir starfsmenn safnsins auk Halldórs Vals Pálssonar, sr. Hreins Hákonarsonar og Sigurðar Steindórssonar. Sylvía Kristjánsdóttir grafískur hönnuður hannaði sýningaspjöld. Sýningin vakti mikla athygli hjá almenningi og fjölmiðlum.

Í tengslum við sýninguna var boðað til kvikmyndasýningar í Bíóhúsinu á Selfossi í samvinnu við Listasafn Árnesinga. Sýnd var kvikmynd Ólafs Sveins Gíslasonar „Fangaverðir" dagana 30. og 31. mars. Um er að ræða leikna heimildarmynd þar sem skyggnst er í störf fangavarða við Fangelsið við Skólavörðustíg.

Páskar í lit – eggjaverkstæði. Um páskana var boðið upp á páskaeggjalitun í fjárhúsi Hússins á Eyrarbakka. Hænuegg voru máluð af mikilli natni og litagleðin var allsráðandi. Eggjaverkstæði var opið eins og safnið sjálft og heppnaðist mjög vel. Þeir sem máluðu eggin voru á öllum aldri. Skreytt voru um 300 egg og færði líf, fjör og litagleði í gamla fjárhúsið. Uppbyggingasjóður Suðurlands styrkti eggjaverkstæðið.

Páskaeggjaverkstæði í fjárhúsinu fyrir norðan Húsið um páskana 2019.

Í þessu húsi hafa margar fjölskyldur búið. Guðmundur kaupmaður og Sylvía bjuggu hér fyrir meira en 100 árum síðan. Þau áttu sex börn, voru með nokkrar vinnukonur, vinnumann og fjósakarl. Fjölskyldan fékk marga gesti og nú ert þú gestur í húsinu.

Hvað ár er Húsið byggt?
Svarið er inni í Bláu stofu. **Árið** _____

Í herbergi á efri hæð sváfu dætur kaupmannshjónanna. Hvað er undir rúmunum þeirra?

- ☐ **Koffort**
- ☐ **Skrímsli**
- ☐ **Hlandkoppar**

erberginu á háaloftinu. Gömul saga segir óttunni. Bandspotti var bundinn í tána á kk út um gluggann alveg niður á jörðu samanninn svo hann færi til dyra.

_____

MINGINN AF SAFNINU _____

Útgáfuhóf. Á skírdag var útgáfuhóf í stássstofu Hússins á Eyrarbakka. Fagnað var útgáfu bókarinnar *Handsmíðað fyrir heimilið* sem bókaútgáfan Scribe gaf út en þýðandi bókarinnar og eigandi útgáfunnar er Halldóra Sigurðardóttir í Brennu á Eyrarbakka.

Ratleikur. Saminn var ratleikur fyrir grunnskóla sem nýtist á söfnunum á Eyrarbakka. Teikningar í ratleiknum eru eftir Gest Guðmundsson en Sylvía Kristjánsdóttir hannaði hann. Hann var unninn á vordögum en gefinn út um haustið. Ratleikurinn var gerður fyrir styrk frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga. Leikurinn fer með gesti um öll safnhúsin á Eyrarbakka sem eru Húsið, Eggjaskúr, Kirkjubær og Sjóminjasafn. Upplagt er fyrir fjölskylduna að heimsækja safnið með ratleikinn sem leiðarvísi en ratleikurinn nýtist líka fyrir skólahópa.

Vor á safninu. Á menningarhátíðinni „Vor í Árborg“ gafst frábært tækifæri til að skoða safnið. Laufléttir viðburðir voru á dagskrá í tilefni vorhátíðarinnar á sumardaginn fyrsta, laugardag og sunnudag. Á sumardaginn fyrsta var farið í útileiki sem allir þekkja og um helgina var fjölskyldum velkomið að koma í litla alþýðuhúsið Kirkjubæ þar sem var einföld og sjálfbær vinnusmiðja fyrir börn. Viðburðirnir voru hluti af stimpilleiknum „Gaman saman sem fjölskylda“ og allir sem tóku þátt fengu stimpil í „Vegabréfið“ sitt. Jafnframt var Litla Hraun – sögusýning í borðstofu Hússins í boði alla dagana.

Útileikir á sumardaginn fyrsta.

Sumaropnun. Sumartími gekk í garð hjá söfnunum á Eyrarbakka, Húsinu og Sjóminjasafninu 1. maí og var opið til 30. september. Þar var opið alla daga kl. 11-18 og eftir samkomulagi á öðrum tímum. Hið stórmerka 252 ára gamla hús var sem fyrr aðal aðdráttaraflið og í Sjóminjasafninu hinn einstaki gripur áraskipið Farsæll stærstur safnmuna. Kirkjubær var opinn á sama tíma. Rjómabúið á Baugsstöðum var opið um helgar í júlí og ágúst og eftir samkomulagi.

Íslenski safnadagurinn. Íslenski safnadagurinn sem jafnframt er alþjóðlegi safnadagurinn er 18. maí ár hvert. Söfn eru í stöðugri endurnýjun í viðleitni sinni til að verða gagnvirkari, áhorfendamiðaðri, samfélagslegri, sveigjanlegri, aðlögunarhæfari og hreyfanlegri stofnanir. Þau hafa breyst í menningarmiðstöðvar sem skapa umhverfi þar sem sköpunargleði er sameinuð þekkingu og þar sem gestir geta einnig skapað með öðrum, deilt og átt samskipti. Þetta var fókusinn á alþjóðlega safnadeginum í ár. Í tilefni alþjóðlega safnadagsins var gestum og gangandi boðið upp á leiðsögn um Litla-Hraun sögusýningu í Húsinu á Eyrarbakka. Þennan dag gaf Félag íslenskra safna og safnamanna út kynningarmynd um íslensk söfn og var meðal annars komið við á Sjóminjasafninu á Eyrarbakka.

Fjölmargar móttökur hópa. Stór hluti gesta safnsins kemur í skipulögðum hópum og taka fastir starfsmenn safnsins gjarnan á móti hópunum, bjóða þá velkomna og fræða um sögu Hússins á Eyrarbakka og um þá fjölmörgu safnmuni sem þar er að finna. Leiðsögn þessi hefur verið fastur liður í móttöku gesta frá árinu 1995 og sjálfsögð þjónusta.

Rófubóndinn – sýning í borðstofu. Laugardaginn 15. júní kl. 17 opnaði ljósmyndasýningin Rófubóndinn í borðstofu Hússins á Eyrarbakka. Eyrbekkingurinn Vigdís Sigurðardóttir líffræðingur og áhugaljósmyndari sýndi eitt ár í lífi rófubóndans Guðmundar Sæmundssonar á Sandi sem ræktaði gulrófur á Eyrarbakka í yfir 50 ár. Vigdís fylgdi Guðmundi eftir á heilu ræktunarári frá sáningu að vori

Vigdís Sigurðardóttir og nokkrar ljósmyndir af rófubóndanum í baksýn.

fram að uppskeru og söluferlinu að hausti og vetri. Myndirnar veittu frísklega sýn á vinnuár rófubóndans í samtvinning við glefsur úr viðtölum við Guðmund. Nokkrir vel valdir gripir sem tengjast rófuræktun skreyttu sýninguna. Sýningin gaf fróðlega og litríka sýn á ræktun þessarar einstöku jurtar sem fylgt hefur þjóðinni í um 200 ár. Léttar veitingar voru í boði á fjölmennri sýningaropnun. Safnasjóður styrkti sýninguna.

Jónsmessuhátíðin á Eyrarbakka var haldin laugardaginn 22. júní og var þá líf og fjör. Dagskrá var fyrir börn og fullorðna við Sjóminjasafnið um morguninn. Brúðuleikhúsið kom og flutti leikrit. Nokkrir Eyrbekkingar opnuðu heimili sín upp á gátt. Andlitsmálun fyrir framan útihúsin við Húsið. Gamli slökkviliðsbíllinn var á ferðinni. Þjóðdansafélag Reykjavíkur dansaði fyrir framan Húsið. Almennur fjöldasöngur var í Húsinu um kvöldið. Heimir Guðmundsson, sem fæddur er í Húsinu árið 1944, leiddi söng í stássstofunni samkvæmt hefð og spilaði á elsta píanó á Suðurlandi. Skólasöngvarnir

og fleiri kvæðakver voru dregin fram og hver söng með sínu nefi. Fjölmenni kom eins og ávallt. Um 600 manns komu í söfnin þennan dag.

Gjörningaklúbburinn leitar að Ásgrími. Gjörningaklúbburinn The Icelandic Love Corporation kom í Húsið einn dag í júlí og tók upp myndbandsverk. Listamennirnir læddust um í síðum pilsum með bandhnykil í hendi og var útkoman sýnd á sýningu í Listasafni Íslands á haustdögum. Kveikjan að verkinu er myndlistamaðurinn Ásgrímur Jónsson og verk hans. Ásgrímur svaf á hálofti Hússins þegar hann, á unglingsaldri, var vikapiltur hjá kaupmannshjónunum.

Gjörningur á háalofti.

Rófukaffi á lokadegi Rófubóndans. Á lokadegi ljósmyndasýningarinnar „Rófubóndinn" bauð safnið gestum og gangandi að þiggja rófukaffi í Húsinu. Vigdís ljósmyndari og Guðmundur á Sandi voru á staðnum og tóku vel á móti gestum. Þórður Þorsteinsson rafvirki á Selfossi kom einnig og þanndi nikkuna um stund.

Bækur og bakkelsi. Sýningin Bækur og bakkelsi var opnuð í Húsinu á Eyrarbakka laugardaginn 7. september kl 16. Sýningin var unnin af Héraðsskjalasafni Árnesinga og er útgangspunktur hennar handskrifaðar uppskriftabækur sem varðveittar eru á skjalasafninu. Uppskriftirnar í bókunum segja ótal margt um tíðaranda, tísku, aðgang að hráefni, nýtni og hagsýni. Á sýningunni var saga baksturs jafnframt rakin auk þess sem húsmæðrafræðsla á Suðurlandi var skoðuð. Við sýningaropnunina voru í boði nokkrar vel valdar kökur sem bakaðar voru eftir uppskriftum úr bókunum. Uppskriftirnar voru valdar með það að leiðarljósi að kynna gesti fyrir gömlum aðferðum gegn matarsóun enda málefnið tíðrætt í fjölmiðlum þessa dagana. Á sýningunni lá frammi auð stílabók þar sem gestum og gangandi gafst tækifæri til þess að skrifa sínar eigin uppskriftir. Sú bók mun í framhaldinu verða varðveitt á

Sýning Héraðsskjalasafns Árnesinga Bækur og bakkelsi í borðstofu haustið 2019.

Héraðsskjalasafni Árnesinga og verða þar heimild til framtíðar um bakstursvenjur ársins 2019. Sýningin Bækur og bakkelsi stóð út september á opnunartíma Byggðasafns Árnesinga, kl. 11-18 alla daga. Einnig var sýningin opin tvær helgar í október.

Kvikmyndahátíðin Brim. Kvikmyndahátíðin Brim var á Eyrarbakka laugardaginn 28. september og þá breyttust allmörg hús og híbýli þorpsins í bíóhús. Allar kvikmyndir og fræðsluerindi á hátíðinni fjölluðu um plastmengun og áhrif plasts á fólk og náttúru. Kvikmyndahátíðin var haldin að frumkvæði Guðmundar Ármanns Pétursonar fyrrverandi íbúa Hússins á Eyrarbakka. Tveir viðburðir voru staðsettir í Byggðasafni Árnesinga þennan dag. Í stássstofu Hússins kl. 15 var sýnd myndin Albatross, listræn og áhrifamikil mynd eftir Chris Jordan. Myndin fjallar um fuglinn albatross á Midway eyju í Kyrrahafinu og þau hörmuleg áhrif sem plast í hafinu hefur á lífsskilyrði hans. Í Sjóminjasafninu kl. 13 kynnti unglingastig Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri stuttmyndina Earth-Plastic sem nemendur höfðu unnið sérstaklega fyrir hátíðina. Myndin fjallar um plastmengun í sjó og var sýnd reglulega kl. 13-17 við stöðuga og góða aðsókn.

Kveðjusamsæti. Sunnudaginn 29. september bauð safnið samstarfsfólki og vinum Jensínu Jensdóttur og Lindu Ásdísardóttur starfsmanna safnsins um langa hríð til kveðjusamsætis. Var þeim þakkað fyrir frábærlega vel unnin störf í þágu safnsins með gjöfum.

Safnasvæðið í þorpinu Sisimiut á Grænlandi. Bláa húsið er aflögð kirkja sem er notuð til safnastarfs.

Safnarúntur um Grænland. Laufléttur fyrirlestur var í Húsinu á Eyrarbakka föstudagskvöldið 11. október kl. 20 um ferðir Lindu Ásdísardóttur, safnvarðar á Byggðasafni Árnesinga, um Suður- og Vestur-Grænland sumarið 2019 þar sem hún rúntaði á milli safna og drap niður fæti á nokkrum minjastöðum. Skoðunarferð hennar teygði sig frá Ilulissat til Nuuk þar sem safnmenningin var skoðuð sérstaklega. Einnig var sagt frá áhugaverðum stöðum að heimsækja á Suður- Grænlandi. Í fyrirlestri hennar bar hún saman efnistök Hússins á Eyrarbakka við sýningar í gömlum sögufrægum húsum á Grænlandi og kom í ljós að efnistökin voru harla ólík þar sem Grænlensk söfn segja ekki sögu íbúa þeirra í gegnum tíðina. Linda skrifaði einnig hugleiðingu í Kvist blað safnamanna um ferðina.

Jólin koma – jóladagskrá Byggðasafns Árnesinga. Jóladagskrá Byggðasafns Árnesinga byrjar ávallt með opnun jólasýningar og skáldastund í stássstofu Hússins. Sunnudaginn 1. desember bauð safnið gesti velkomna. Á jólasýningunni skörtuðu gömlu jólatrén sínu fegursta í borðstofu og í stássstofu mátti hlýða á rithöfunda lesa úr nýjum verkum sínum. Sem fyrr trónir elsta varðveitta spýtujólatré landsins efst meðal margra merkra jólatrjáa sem safnið varðveitir. Eftirlíking þess var skreytt lyngi og sáu nemendur 10. bekkjar Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri um það. Sýningin var opin á auglýstum tímum þrjár helgar í desember og fyrir hópa á öðrum tímum fram á þrettánda.

Frá skáldastund 2019. Sjón les úr nýrri skáldsögu sinni í stássstofunni sem full var af gestum, hér gefur að líta þá sem sátu í bláu stofunni.

Skáldastund í stássstofu. Árlega er boðið upp á samverustund með rithöfundum og skáldum þar sem lesið er það nýjasta sem út kemur. Skáldastundin var 1. desember þetta árið. Fram komu: Sjón las úr skáldsögu sinni ***Korngult hár, grá augu***, Einar Már Guðmundsson las úr ljóðabókinni ***Til þeirra sem málið varðar***, Margrét Sveinbjörnsdóttir kynnti og sagði frá 100 ára afmælisriti Kvenfélags Grímsneshrepps, Auður Hildur Hákonardóttir kynnti bók sína um biskupsfrúrnar í Skálholti, Harpa Rún Kristjánsdóttir kynnti og las úr verðlaunaljóðabók sinni ***Eddu*** og Guðmundur Brynjólfsson las úr skáldsögunni ***Þögla barnið***. Þarna fengu fjölmargir gestir brot af ólíkum ritsmíðum eftir fjölbreyttan hóp. Sjón og Einar Már eru meðal okkar fremstu skálda og jafnvígir á skáldsögur og ljóð, Margrét frá Heiðarbæ fjallar um hið aldargamla kvenfélag í Grímsnesi í veglegu afmælisriti en hún kom víða við á ritvellinum á árinu 2019, Hildur spurði hvað væri svo merkilegt við að vera biskupsfrú, Harpa Rún er bóndi undir Heklurótum en hún hlaut um haustið verðlaun kennd við ljóðskáldið Tómas Guðmundsson og Guðmundur Brynjólfsson hélt áfram með trílógíu sína um Eyjólf Jónsson sýslumann. Það var enginn bókaunnandi svikinn af skáldastund í Húsinu og haft var að orði að vel hafi tekist til með skáldastundina þetta árið. Aðventukaffi var á boðstólum.

Björgvin Tómasson leikur á líru sem hann smíðaði sjálfur.

Líruleikur. Sunnudaginn 8. desember kl. 15 kom Björgvin Tómasson orgelsmiður með lírukassa sinn og spilaði á hann jólalög. Gestir tóku undir. Til stóð að Lóurnar kæmu þann 15. desember að syngja jólalög en það féll því miður niður vegna veikinda.

Jólahópar á vegum Bakkastofu. Alla aðventuna tók safnstjóri á móti fjölmörgum hópum í tengslum við skipulagðar menningardagskrár Bakkastofu.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka fyrir Sveitarfélagið Árborg samkvæmt þjónustusamningi. Eignasvið Árborgar hefur umsjón með fasteignum safnsins og er kostnaður við viðhald og lóðir utan samningsins.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka tekur þátt í starfi Sambands íslenskra sjóminjasafna en markmið SÍS er að vera sameiginlegur vettvangur sjóminjasafna um sín mál, einkum á sviði söfnunarstefnu, kynningarmála og erlendra samskipta. Á vegum SÍS er unnið að gerð ítarlegrar bátaskrár sem er nær tilbúin og eru sex bátar frá Sjóminjasafninu listaðir upp.

Beitningaskúrinn sem opnaður var árið 2013 var opinn eftir samkomulagi. Hópar sem fá leiðsögn um Eyrarbakka líta gjarnan við í Beitningaskúrnum. Sýningin í Beitningaskúrnum vekur athygli á sögu hans, vélbátaútgerðar á Eyrarbakka og einnig frá vinnuaðferðum og sögum frá þeim sem þar unnu. Þar var síðast beitt um 1960. Beitningaskúrinn var gefinn Sjóminjasafninu á Eyrarbakka 1991. Hann var gerður upp með styrk frá Húsafriðunarsjóði á árunum 1992 og 1993. Við viðgerðina kom í ljós útflattur bátur á vesturhlið hans og var ákveðið að hafa hann sem ystu klæðingu á þeim vegg. Beitningaskúrinn vekur því mikla athygli fyrir sérstakt útlit.

Beitningaskúrinn við Óðinshús, byggður 1925 á blómaskeiði vélbátaútgerðar á Eyrarbakka.

Gamla slökkvibílnum, sem er í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka, er haldið við og er hann gangfær. Bílaáhugamennirnir Emil Guðjónsson og Guðlaugur Gunnar Jónsson tóku að sér að gera bílinn upp fyrir safnið og tóku þeir slökkvibílinn í vörslu sína sumarið 2012. Þeir hafa síðan haldið bílnum við og lagfært eftir þörfum. Hann er varðveittur í Nýjabæ í Sandvíkurhreppi og var ekið á sýningar við ýmis tækifæri.

Þuríðarbúð hefur einnig verið hluti af Sjóminjasafninu – og Byggðasafni Árnesinga sem heldur utan um muni Þuríðarbúðar. Umsjón með umhverfi Þuríðarbúðar hefur umhverfissvið Árborgar en viðhald búðarinnar er í höndum framkvæmda- og veitusviðs Árborgar. Á síðustu árum hefur verið unnið að því að bæta loftræstingu í búðinni og koma fyrir viðeigandi gripum yfir sumartímann. Styrkur fékkst frá Uppbyggingasjóði til efniskaupa og var árið 2016 fjárfest í skinni og ull til að hafa í búðinni.

Kirkjubær

Í lok ársins 2011 keypti Byggðasafn Árnesinga húsið Kirkjubæ sem er rétt vestan við Húsið á Eyrarbakka. Kirkjubær var gerður upp og opnaður 17. júní 2016 með sýningunni „Draumur aldamótabarnsins“ um líf alþýðunnar 1920-1940. Arfi Helga Ívarssonar frá Hólum til Byggðasafns Árnesinga var varið til þessa verkefnis.

Kirkjubær skammt vestan Hússins á Eyrarbakka.

Kirkjubær er timburhús bárujárnsklætt sem byggt var 1920 og með norðurbíslagi frá 1934.

Um uppbyggingu í Kirkjubæ hefur verið rækilega fjallað í ársskýrslum 2011 til 2017. Lokið var við að setja upp stafræna miðlun í Kirkjubæ á árinu.

Rjómabúið á Baugsstöðum

Byggðasafn Árnesinga er þriðjungs eigandi að Rjómabúinu á Baugsstöðum. Rjómaskálahúsið var friðlýst af menningar- og menntamálaráðherra árið 2005 þegar búið varð 100 ára. Byggðasafn Árnesinga sér um daglegan rekstur þess en rjómabúið er rekið á sérstakri kennitölu og er með sér reikningshald.

Andri Erlingsson sá um gæslu í rjómabúinu um helgar í júlí og ágúst. Lýður Pálsson safnstjóri tók á móti nokkrum hópum. Siggeir Ingólfsson hafði einnig lykla að rjómabúinu, opnaði hann fyrir nokkrum hópum og sinnti smávægilegu viðhaldi. Hann flutti af svæðinu á árinu og sinnir safnstjóri Byggðasafns Árnesinga húsvarðarstörfum þar til annar fæst í það mikilvæga starf.

Rjómabúið á Baugsstöðum í janúarbyrjun 2019 þegar nýlokið var við að laga austurhlið.

Auglýst var á Ríkisútvarpinu opnunarhelgar í júlí og ágúst.

Lokið var við að skipta um ystu klæðningu Rjómabússins á Baugsstöðum í byrjun ársins. Tekin var í gegn austurhliðin og sáu bræðurnir Guðmundur og Gísli Kristjánssynir um það verk. Húsafriðunarsjóður, Auðhumla sfl, Búnaðarsamband Suðurlands og Byggðasafn Árnesinga fjármögnuðu verkið. Næstu viðhaldsverkefni eru viðgerð á hjólinu og lagfæring á gluggum. Einnig verður húsið málað á næstu árum.

Í stjórn Rjómabúsins á Baugsstöðum sitja Sveinn Sigurmundsson formaður, Lýður Pálsson gjaldkeri og Björn Harðarson ritari. Stjórnin fundar sjaldan en framkvæmdastjórn er í höndum Lýðs safnstjóra.

Til sölu í rjómabúinu er ritið Rjómabúið á Baugsstöðum 100 ára eftir Helga Ívarsson og Pál Lýðsson.

Gestir ársins 2019 voru 250 talsins. Gestir ársins 2018 voru 475 alls, mest Íslendingar. Gestir ársins 2017 urðu 437 talsins. Þeir voru aðeins 183 árið 2016. Gestir ársins 2015 urðu 433 talsins. Gestafjöldi ársins 2014 varð 377 manns. Árið 2013 komu 360 gestir í búið. Árið 2011 komu 278 gestir. Árið 2010 komu 465 gestir í Rjómabúið á Baugsstöðum en 602 gestir árið 2009. Rjómabúið er kynnt á heimasíðu Byggðasafns Árnesinga. Á döfinni er að koma upp einfaldri síðu á Facebook.

Samstarf

Á Alþingi voru á árinu 2011 samþykktir nýir lagabálkar á sviði þjóðminjavörslunnar sem hafa haft áhrif á starfsemi safnsins. Í þriðja kafla Safnalaga nr. 2011/141 er ítarlega fjallað um viðurkennd söfn og skilyrði fyrir að geta kallast viðurkennt safn. Samkvæmt lögunum geta viðurkennd söfn sótt um styrki til Safnasjóðs og þurfa að gegna ákveðnum rannsóknarskyldum og skyldum gagnvart meðferð safnmuna, starfsmannahaldi og fyrirkomulagi sýningahalds. Lögin tóku gildi 1. janúar 2013. Byggðasafn Árnesinga er viðurkennt safn samkvæmt Safnalögum. Byggðasafn Árnesinga sækir árlega um rekstrarstyrk og verkefnastyrki til Safnaráðs til að styrkja starfsemi safnsins. Einnig um símenntunarstyrki sem nýttir hafa verið til ferðalaga á ráðstefnur og í kynnisferðir. Hafa styrkir Safnaráðs komið sér vel og stutt við faglega starfsemi safnsins og einstök verkefni.

Gamla píanóið í Sarpi. Allir sem hafa nettengda tölvu hjá sér geta fræðst um skráða gripi safnsins.

Þjóðminjasafn Íslands veitti margvíslega sérfræðiaðstoð þegar þess var þörf. Samstarf er á meðal Þjóðminjasafns Íslands og nokkurra minjasafna um allt landið um söfnun og skráningu samtímaminja og felst í skráningu á vettvangi frekar en söfnun gripa.

Byggðasafn Árnesinga er þátttakandi í gagnagrunni íslenskra safna Sarpi. Þar er um að ræða mjög vel heppnað samstarf íslenskra safna um samræmda skráningu á menningararfi hvort sem það eru munir, ljósmyndir, listaverk, þjóðhættir, fornleifar eða örnefni.

Góð samskipti eru við Minjastofnun Íslands.

Byggðasafn Árnesinga tekur þátt í starfsemi Samtaka safna á Suðurlandi sem eru grasrótarsamtök aðila sem starfa að menningarmálum á Suðurlandi. Starfsemin liggur niðri eins og er og er um að

kenna miklum önnum þeirra sem sitja í stjórn samtakanna. Fjárhagur Samtaka safna á Suðurlandi er í blóma.

Safnstjóri situr í stjórn Fischersetursins á Selfossi sem fulltrúi Byggðasafns Árnesinga.

Linda Ásdísardóttir sat í Minjaráði Suðurlands til mars 2019 en þá varð Lýður Pálsson varamaður í ráðinu.

Linda og Lýður eru félagar í FÍSOS, Félagi íslenskra safna og safnamann. Lýður er félagi í ICOM, alþjóðasamtökum safnamanna.

Linda hefur undanfarin ár setið í stýrihópi Norsam um samtímavörslu á Norðurlöndum en fyrirhugað er að leggja hópinn niður.

Fundir, námskeið og ráðstefnur

Linda Ásdísardóttir safnvörður sótti Mannamót á vegum markaðsstofanna í janúar og var safnið með kynningarbás.

Starfsmenn safnsins sóttu ýmsa aðra fundi sem haldnir voru og tengdust safnastarfi. Meðal annars vorfund Safnaráðs í apríl og einstaka fundi sem námsbraut í Safnafræði stóð að öðru hverju allt árið.

Farskóli íslenskra safnamanna var haldinn á Patreksfirði 2.-5. október. Lýður Pálsson safnstjóri sótti skólann sem tókst vel með fræðslu, fundum, samveru og skemmtun íslenskra safnamanna af öllu landinu.

Kynningar- og markaðsmál - wwww.byggdasafn.is

Ýmsar leiðir eru farnar til að koma safninu á framfæri. Það auglýsir víða. Byggðasafn Árnesinga tók einnig þátt í sameiginlegri kynningu á íslenskum söfnum á RUV. Auglýst er í mörgum bæklingum sem liggja frammi á ferðamannastöðum og sömuleiðis liggur bæklingur safnsins frammi á flestum stöðum á Suðurlandi.

Í janúar var gefið út póstkort með myndum af safnhúsunum á Eyrarbakka og með texta á íslensku og ensku um þau. Sylvía Kristjánsdóttir hönnuður og Linda Ásdísardóttir sáu um gerð kortsins sem dreift var á Mannamótum og ýmsum sunnlenskum ferðamannastöðum.

Safnið varð fyrir töluverðu áfalli þegar það missti lénið sitt www.husid.com í mars. Ekki tókst að endurnýja áfskriftina að léninu þar sem það íslenska fyrirtæki sem sá um að útvega safninu lénið á sínum tíma var hætt starfsemi. Allar tilraunir til að endurheimta lénið mistókust. Nýtt lén var fengið fyrir safnið og er það www.byggdasafn.is. Var því engin síða virk fyrir safnið í nokkrar vikur en töluverð vinna fór í að reyna að endurheimta gamla lénið og gera nýja síðu með nýju léni virka. Fjöldi erlendra gesta varð færri á árinu og má líklegt telja að þessi vandræði með lénið hafi valdið þeirri fækkun.

Síðunni www.byggdasafn.is er haldið lifandi með uppfærslu frétta af starfseminni og róteringu ljósmynda á forsíðu. Safnstjóri heldur utan um efni síðunnar. Bob van Duin á Eyrarbakka aðstoðar við

að halda úti síðunni sem er í Wordpress-vefkerfinu. Síðan er hýst hjá 1984 ehf en þeir veittu safninu margvíslega aðstoð við að endurheimta lénið og að koma upp nýju léni.

Sylvía Kristjánsdóttir grafískur hönnuður á Eyrarbakka sér um hönnun á auglýsingum safnsins og gerð sýningaskilta fyrir sýningar í borðstofu.

Byggðasafn Árnesinga var þátttakandi í Menningarkorti Suðurlands sem Samtök sunnlenskra sveitarfélaga stóð að og kom kortið út í árslok 2018 og var dreift á ferðamannastaði á fyrrihluta ársins 2019.

Safnið er á Facebook og má í dag finna síðu þar undir heitinu „Húsið á Eyrarbakka – Byggðasafn Árnesinga“. Fylgjendum síðunnar fer sífellt fjölgandi og er góð leið til að kynna starfsemi safnsins fyrir velunnurum sínum. Fjölbreyttu safnatengdu efni er varpað út á síðuna.

Safnið er í Markaðsskrifstofu Suðurlands. Safnstjóri er í reglulegu sambandi við starfsmenn Markaðsstofu Suðurlands um margvíslegar leiðir til að koma safninu á framfæri. Einnig naut safnið aðstoðar Markaðsskrifstofu Suðurlands þegar heimasíðan varð óvirk í mars.

Safnið er með reikning á Trip-Advisor og Google+.

Héraðsnefnd og stjórn

Héraðsnefnd Árnesinga bs er eigandi Byggðasafns Árnesinga. Sveitarfélögin sem standa að Héraðsnefnd Árnesinga eru: Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur. Aðalverkefni Héraðsnefndar Árnesinga er rekstur nokkurra stofnanna og starfsnefnda á héraðsvísu. Formaður Héraðsnefndar Árnesinga er Eyþór H. Ólafsson í Hveragerði.

Héraðsnefnd Árnesinga kýs stjórn til tveggja ára í senn. Í stjórn frá júlí 2018 til vorfundar héraðsnefndar 2020 sitja Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps, stjórnarformaður, Eggert Valur Guðmundsson bæjarfulltrúi í Árborg, varaformaður og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi í Hveragerði er ritari. Í varastjórn eru Smári Bergmann Kolbeinsson, Steinar Lúðvíksson og Klara Öfjörð Sigfúsdóttir. Stjórnarfundir ársins urðu átta talsins. Stjórnarformaður er jafnframt í framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga. Á fundum stjórnar eru tekin fyrir mál sem safnstjóri

undirbýr fyrir fundinn í samráði við stjórnina. Einnig mál sem stjórnarmenn og safnstjóri leggja fram áður en kemur til fundar og rúmast ekki innan starfs- og rekstraráætlunar. Stjórn safnsins starfar eftir erindisbréfi sem samþykkt er af Héraðsnefnd Árnesinga og er þar fjallað ítarlega um hlutverk og skyldur stjórnarmanna. Í kjölfar vorfundar Héraðsnefndar Árnesinga var komið á fót byggingnefnd um framkvæmdir að Búðarstíg 22 og var nefndin skipuð stjórn safnsins og Eyþóri H. Ólafssyni formanni Héraðsnefndar Árnesinga. Byggingnefndin fundaði í fimm skipti á árinu 2019.

Um rekstur og fjárhag safnsins 2019

Rekstrarreikningur árið 2019

	Skýr.	2019	Fjárhags-áætlun 2019	2018
Rekstrartekjur				
Héraðsnefnd Árnesinga, framlag		32.900.000	32.900.000	30.200.000
Sveitarfélagið Árborg, framlag vegna Sjóminjasafns		6.629.500	6.630.000	6.080.000
Aðrar tekjur	8	5.604.010	5.117.000	5.935.552
Hagnaður af sölu Hafnarbrúar		23.284.213	0	0
		68.417.723	44.647.000	42.215.552
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	9	31.869.753	33.050.000	31.677.158
Rekstur fasteigna	10	7.979.418	4.240.000	2.454.114
Annar rekstrarkostnaður	11	11.608.890	7.417.000	11.012.637
Afskriftir	5	1.338.463	1.545.927	1.545.927
		52.796.524	46.252.927	46.689.836
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		15.621.199	(1.605.927)	(4.474.284)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	12	(4.231.656)	60.000	(810.651)
Rekstrarniðurstaða ársins	6	11.389.543	(1.545.927)	(5.284.935)

Eigið fé safnins í fasteignum og bankainnistæðum nam 39,1 milljón króna í árslok.

Á árinu 2017 og 2018 féllu á safnið kröfur vegna samkomulags um breytingar lífeyrismála opinberra starfsmanna. Við breytingarnar eru réttindi virkra sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda. Kröfurnar námu 14,3 millljónum króna. Í mars 2018 var tekið lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að mæta þessum kröfum.

Í apríl árið 2019 var tekið 100 milljón króna lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að kaupa Búðarstíg 22 og fara í fyrstu framkvæmdir.

Eyrarbakka 16. apríl 2020, Lýður Pálsson, safnstjóri.